

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var stærð viðmiðunarstofns þorsks fjögurra ára og eldri, ráðlögð þorskveiði Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutun stjórnvalda á heildaraflamarki á þorski og landaður þorskafli, fyrir hvert fiskveiðiár frá 1985?*
2. *Hvert var ráðlagt aflamark Hafrannsóknastofnunarinnar á Íslandsmiðum og landaður úthafsækjuaflí fyrir hvert ár frá fiskveiðiárinu 1997/1998 og hver var þróun stofnstærðar úthafsækju á sama tíma?*
3. *Hver var stofnstærð grálúðu, ráðlögð grálúðuveiði Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutun stjórnvalda á heildaraflamarki á grálúðu og landaður grálúðuafli, fyrir hvert fiskveiðiár frá árinu 1997/1998?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og byggist eftirfarandi á upplýsingum þaðan. Eftirfarandi tafla svarar 1. lið fyrirspurnarinnar.

Þorskur (þús. tonna):

Ár	Viðmiðunarstofn	Ráðlögð veiði	Heildaraflamark	Afli alls
1985 ¹⁾	928	200	263 ²⁾	326
1986 ¹⁾	851	300	300 ²⁾	369
1987 ¹⁾	1.032	300	330 ²⁾	392
1988 ¹⁾	1.040	300	350	378
1989 ¹⁾	1.010	300	325	356
1990 ¹⁾	841	250	300	335
1991 ³⁾	698	240	245	244
1991/92 ⁴⁾		250	265	274
1992/93 ⁴⁾	547	190	205	241
1993/94 ⁴⁾	590	150	165	197
1994/95 ⁴⁾	575	130	155	165
1995/96 ⁴⁾	553	Aflaregla	155 ⁵⁾	170
1996/97 ⁴⁾	669	Aflaregla	186 ⁵⁾	202
1997/98 ⁴⁾	785	Aflaregla	218 ⁵⁾	227
1998/99 ⁴⁾	719	Aflaregla	250 ⁵⁾	254
1999/00 ⁴⁾	729	Aflaregla	250 ⁵⁾	257
2000/01 ⁴⁾	583	Aflaregla	220 ⁶⁾	223
2001/02 ⁴⁾	694	Aflaregla	190 ⁶⁾	218
2002/03 ⁴⁾	746	Aflaregla	179 ⁶⁾	198
2003/04 ⁴⁾	767	Aflaregla	209 ⁶⁾	221
2004/05 ⁴⁾	854	Aflaregla	205 ⁶⁾	211

¹⁾ Almanaksár.

²⁾ Í reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984–1987 var umframaflí ekki áætlaður vegna ákvæða um heimildir sóknarmarksskipa, tilfærslu milli fisktegunda, flutnings milli ára og afla smábáta.

³⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991.

⁴⁾ Fiskveiðiárið september–ágúst.

⁵⁾ Samkvæmt aflareglu.

⁶⁾ Samkvæmt endurskoðaðri aflareglu.

Ekki liggur fyrir mat á raunverulegri stærð úthafsækjustofnsins en notað hefur verið fjölstofnalíkan til að meta afrakstursgetu stofnsins.

Í mörkun langtímastefnu við nýtingu þorsstofns árið 1995 var stefnt að því að styrkja stofn þorsks sem til lengri tíma litið gæti leitt til minnkunar úthafsækjustofns vegna aukins afráns. Með aukinni útbreiðslu þorsks á norðurmiðum sl. áratug og innfjarða vestan lands og norðan á undanförmum árum hefur afrán þorsks leitt til hruns rækjustofna. Gjörbreytt umhverfisskilyrði við landið um og eftir aldamótin hafa einnig mjög líklega haft áhrif á óhagstæða þróun rækjustofna.

Úthafsækja (þús. tonna):

Ár	Ráðlögð veiði	Heildaraflamark	Afli
1997/98 ²	70	75	60,9
1998/99 ²	40 ⁴⁾	40	30,7
1999/2000 ²	20	20	20,6
2000/2001 ²	25	25	22,1
2001/2002 ²	35	35	27,3
2002/2003 ²	30	30	24,3
2003/2004 ²	20	20	18
2004/2005 ²	15 ⁵⁾	10	4,9

²⁾ Fiskveiðiár.

⁴⁾ Tillaga um leyfilegan hámarksafla var upphaflega 60 þús. tonn en hún var endurskoðuð í janúar 1999 og breytt í 40 þús. tonn.

⁵⁾ Engin tillaga um hámarksafla en í ráðgjöf kemur fram að óbreytt sókn leiði til 15 þús. tonna afla.

Þar sem aldursávarðanir á grálúðu eru mjög ónákvæmar er ekki talið mögulegt að beita aldurs-afla líkönum til að meta stofnstærð. Við ráðgjöf er stuðst við upplýsingar sem fást úr stofnmælingu og úr aflaskýrslum veiðiskipa.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar hefur verið í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og miðast við afla á útbreiðslusvæði grálúðu sem nær frá ströndum Grænlands, við Ísland og til Færeyja. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu er heildaraflinn að jafnaði verulega umfram ráðgjöf en þess skal getið að svo hefur verið sl. tvo áratugi.

Grálúða (þús. tonna):

Ár	Ráðlögð veiði	Heildaraflamark ³⁾	Afli á Íslandsmiðum ³⁾	Afli á öðrum miðum ¹⁾	Afli alls
1997/98 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11	9,8	20,8
1998/99 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11,2	9,3	20,5
1999/00 ³⁾	10 ⁴⁾	10	11,5	12	23,5
2000/01 ³⁾	20 ⁴⁾	20	20	11,3	31,3
2001/02 ³⁾	20 ⁴⁾	20	19,2	9,9	29,1
2002/03 ³⁾	23 ⁴⁾	23	20,3	10,2	30,5
2003/04 ³⁾	20 ⁴⁾	23	15,8	11,3	27,1
2004/05	15 ⁴⁾	15	13		
2005/06	15 ⁴⁾	15			

¹⁾ Almanaksárið.

²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991.

³⁾ Heildaraflamark á Íslandsmiðum fiskveiðiárið september–ágúst.

⁴⁾ Ráðlögð heildarveiði fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar.